

Reykjavíkurborg, hér eftir nefndur styrkveitandi, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur annars vegar og hins vegar [Styrkþegi], hér eftir nefndur styrkþegi, gera með sér svohljóðandi:

Samningur um styrkúthlutun úr úrbótasjóði tónleikastaða í Reykjavík 2020

Vegna verkefnis: [Úrbætur sem á að framkvæma.]

Nánari grein er gerð fyrir verkefninu í umsókn og áætlun styrkþega (fskj. 1).

Styrkuppþæð: [xxx kr.]

Bankareikningur: [xxx-xx-xxxxxx]

Kennitala: [xxxxxx-xxxx]

Móttakandi greiðslu (ef ekki sá sami og umsækjandi): _____

1.gr. Gildistími.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og skal gilda þar til hinum fyrirhuguðu framkvæmdum er að fullu lokið.

2.gr. Markmið og þær reglur sem gilda um verkefnið.

Markmið styrkveitingar skv. samningi þessum er að styrkja úrbætur á tónleikastöðum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi og styðja þannig við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið.

Um verkefnið gilda eftirtaldar reglur:

Verklagsreglur um úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík og

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, sbr. fskj. 3.

3.gr. Skyldur styrkþega.

Styrkþegi skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við hjálagða umsókn og þar með talda áætlun (fskj. 1) og samþykkt um úthlutun styrksins (fskj. 2) innan þriggja mánaða frá undirritun samningsins. Eigi síðar en 12 mánuðum síðar skal verkefnið vera að fullu komið til framkvæmdar.

Styrkþegi skuldbindur sig til að leggja sjálfur til jafnháa upphæð og nemur styrkuppþæð til hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Styrkþegi skal skila styrkveitanda greinargerð um ráðstöfun styrksins fyrir lok ráðstöfunarárs í samræmi við 10 gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir framlagi styrkþega til framkvæmdanna. Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði sem finna má hér:

<http://www.reykjavik.is/styrkir>, og skal senda á netfangið tonlistarborgin@reykjavik.is. Skili styrkveitandi ekki inn greinargerð eða ef framlag hans er ekki í samræmi við skyldur styrkþega skv. samningi þessum ber styrkþega að endurgreiða til styrkveitanda það sem þegar hefur verið greitt á grundvelli samnings þessa.

Styrkþegi ábyrgist og skal tryggja öll lög- og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks síns.

Styrkþegi mun eftir bestu getu leitast við að halda eigin áætlanir, sem fylgdu umsókn hans um styrk, er varða tónleikahald. Þá skal styrkþegi viðhalda samningi sínum við STEF.

Styrkþegi skuldbindur sig enn fremur til að skila styrkveitanda kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

4.gr. Skyldur styrkveitanda.

Styrkveitandi skal veita styrk til verkefnisins sem hér segir:

16.-18. mars 2020 kr. [x.xxx.xxx]

16. – 18. júní 2020 kr. [xxx.xxx]

Greiðslur skulu inntar af hendi með millifærslu á reikning í samræmi við eftirfarandi upplýsingar:

Reikningsnúmer: [xxx-xx-xxxxxx] , kennitala: [xxxxxx-xxxx]

Tilkynning um greiðslu skal send: [netfang]

5.gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, nánar tiltekið Tónlistarborginni Reykjavík.

Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd styrkþega er [Nafn] með netfangið [netfang] .

6.gr. Kynningarmál.

Styrkþegum er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar. Skylda þessi helst eftir gildistíma samnings þessa.

Styrkþegi skal láta þess getið að hann hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg í kynningarefni sínu.

7.gr. Vanefndir.

Telji styrkþegi sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal styrkveitanda tilkynnt það tafarlaust skriflega. Sama gildir ef styrkþegi telur sig ekki getað framkvæmt verkefnið í samræmi við umsókn. Styrkþegi skal þá endurskoða verkefnaáætlunina svo markmiðum samningsins verði náð, en slík endurskoðuð verkefnaáætlun er háð samþykki borgarráðs. Takist endurskoðun ekki er styrkveitanda heimilt að rifta samningi þessum og krefjast endurgreiðslu styrksins að öllu leyti.

Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á styrkþega að efna samninginn innan 30 daga frá því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði.

Ef framlag styrkþega er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að það gengur í berhögg við ofangreint markmið Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við fjárhæð endurgreiðslukröfunnar bætast hæstu lögleyfðu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

8. gr. Annað.

Styrkþega er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis styrkveitanda.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

dagsetning, staður, undirritunar

Styrkþegi

F.h. hönd Reykjavíkurborgar

Vottar

Nafn

Kennitala

Eftirfarandi fylgiskjöl teljast órjúfanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Umsókn og þar með talin áætlun styrkþega vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Fylgiskjal 2: Samþykkt um úthlutun styrksins

Fylgiskjal 3: Verklagsreglur um úrbótasjóð tónleikastaða í Reykjavík – samþykktar í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði 24. júní 2019 og samþykktar í borgarráði 4. júlí 2019

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25. maí 2017